

Ferðamálastofu, 3. september 2007

Bréf til allra leyfishafa Ferðamálastofu.

Varðar: Samkomulag milli Íslands og Kína um vegabréfsáritanir og tengd málefni er varða ferðamannahópa frá Kína (ADS).

Þann 12. apríl 2004 var undirritað í Peking samkomulag milli utanríkisráðuneytis lýðveldisins Íslands og Ferðamálaráðs alþýðulýðveldisins Kína um vegabréfsáritanir og tengd málefni er varða ferðamannahópa frá alþýðulýðveldinu Kína. Samkomulagið (ADS) markar upphaf formlegs ferðamálasamstarfs Íslands og Kína. Það gerir Kínverjum kleift að ferðast í skipulegum hópferðum til Íslands.

Hafin er útgáfa vegabréfsáritana í íslenska sendiráðinu í Peking og er því í fyrsta skipti að reyna á ADS samninginn.

Meðfylgjandi er tengill á vef utanríkisráðuneytisins þar sem helstu upplýsingar er að finna um samkomulagið svo og samninginn sjálfan.

Í byrjun september mun leyfishöfum Ferðamálastofu gefast kostur á að skrá sig á lista yfir íslenskar ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur sem óska eftir því að vera í samstarfi við kínverskar ferðaskrifstofur.

Ætlast er til þess að þeir ferðaþjónustuaðilar sem annast móttöku ADS gesta hafi þekkingu á ADS samkomulaginu og hafi þess vegna burði til þess að vinna samkvæmt því.

Þeir sem óska eftir því að taka upp samstarf við kínverskar ferðaskrifstofur um ferðir samkvæmt ADS samningnum vinsamlegast skrái sig á þar til gert skráningarblað á vefnum ferdamalastofa.is. Skráningu lýkur 21. september nk.

Fyrirspurnir skulu sendar til Auðbjargar Lísu Gústafsdóttur (audbjorg@icetourist.is).